

✉ Re: Beiðni um umsögn um umsókn um rannsóknarleyfi í Stóru Sandvík

Búið til	10.5.2021 16:36:09
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.5.2021 16:36:08
Tilheyrir	📁 202104-0039 - Beiðni um umsögn um umsókn um rannsóknarleyfi í Stóru Sandvík

Efni

Re: Beiðni um umsögn um umsókn um rannsóknarleyfi í Stóru Sandvík

Upplýsingar

Sent	10.5.2021 16:36:08	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	mariag@os.is

Innihald

Komdu sæl,

Tilvísun í mál nr. 202104-0039 (LA)

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 19. apríl 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn HS Orku um leyfi til rannsóknar og leitar að jarðhita í Stóru Sandvík.

Umsókn HS Orku snýr að nýju rannsóknarleyfi og fylgir með endurskoðuð rannsóknaráætlun. Yfirborðsrannsóknnum er nú lokið en engin ummerki hafa fundist um jarðhita. Í umsókn um nýtt rannsóknarleyfi stendur:

"Samkvæmt auðlindamati sérfræðings HS Orku eru líkur hlutfallslega litlar á að á svæðinu finnist nýtanleg háhita auðlind. Bæði kostnaðarsöm framkvæmd og óhagstæð skilyrði á raforkumarkaði gera það að verkum að frekar hefur verið hægt á rannsóknnum á svæðinu.

Þrátt fyrir fremur óhagstæð ytri skilyrði sér HS Orka verðmæti í því að halda rannsóknarleyfinu áfram."

Svæðið sem um ræðir er á náttúruminjaskrá nr. 106 Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg. Á vef Umhverfisstofnunar stendur „Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda

gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar."

Alþingi samþykkti árið 2004 tillögu að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008 að unnið yrði að friðlýsingu svæðisins Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg. Því miður hefur ekki orðið úr því að friðlýsa svæðið. Svæðið nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga vegna eldhraun og eldvarpa frá nútíma og einnig vatnið við Stóru-Sandvík.

Náttúrufræðistofnun gerði tillögu árið 2018 um verndarsvæðið Öngulbrjótisnef á B-hluta náttúruminjaskrá vegna klóþangsfjöru sem er forgangsvistgerð (<https://www.ni.is/greinar/su-ongulbrjotsnef>) (<https://www.ni.is/greinar/su-ongulbrjotsnef>). Stóra-Sandvík fór í orkunýtingarflokk í 2. áfanga rammaáætlunar árið 2013, ásamt Reykjanesi og Eldvörpum.

Svæðið sem sótt er um rannsóknarleyfi fyrir er ekki á deili- eða aðalskipulagi Reykjanesbæjar sem iðnaðar- eða virkjunarsvæði.

Í fyrra rannsóknarleyfi beindust rannsóknir að svæði norðan og austan við Stóru Sandvík og er flestum verkþáttum lokið sem áætlaðir voru.

Í uppfærðri rannsóknaráætlun er áætlun og lýsing um:

- Borun grunnra hola til að kanna grunnvatnslínu
- Yfirborðsrannsóknir (sem reyndar er sagt lokið í umsókninni)
- Veglagning vegna djúpra rannsóknarholu
- Háhitaborun – borteigur
- Nauðsynlegar lagnir og búnaður vegna borverka

Ósamræmi er á milli þessarar áætlunar (bls. 5) og uppfærðar rannsóknaráætlunar í viðauka 2. Þar sem gerð er áætlun um jarðefnafræðimælingar og hagkvæmnisútreikningar sem eru merkt „óljóst“ og síðan mat á vinnsluhæfni og kynning/ákvörðunartaka.

Út frá framangreindu, þ.e. að fyrri rannsóknir og auðlindamat sérfræðings HS Orku benda til þess að ekki sé um að ræða vænlegt svæði til jarðvarmanýtingar, það að svæðið hefur hátt verndargildi og að Alþingi samþykkti 2004 tillögu að þingsályktun um friðlýsingu þess, og það að ósamræmi er á milli uppfærðra rannsóknaráætlana, metur Náttúrufræðistofnun Íslands sem svo að skynsamlegast sé að mæla gegn því að veitt sé nýtt rannsóknarleyfi fyrir umrætt svæði.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "María Guðmundsdóttir" <mariag@os.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC: "Harpa Þórunn Pétursdóttir" <harpa@os.is>; "Axel Viðarsson" <axelv@hsorka.is>

Subject: Beiðni um umsögn um umsókn um rannsóknarleyfi í Stóru Sandvík
Date: 19.4.2021 16:13:55

Góðan dag

Sjá meðfylgjandi bréf og fylgiskjöl.

Óskað er eftir að umsögn berist fyrir 10. maí nk.

Frumrit bréfs verður póstlagt.

Bestu kveðjur/Best regards

María



María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanýting/

Specialist – Geothermal Utilisation

Orkustofnun/National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> (<http://www.os.is/>) http://www.nea.is (<http://www.nea.is/>)

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer> (<http://www.os.is/disclaimer>)

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./

Think of the environment before printing this message.

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.jpg (11 KB)